




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 29. október 2018
SFS2018070089
8.2
HG/KG/shj

Borgarráð

Ráðhúsið
101 REYKJAVÍK



BORGARRÁÐ 5. júlí 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn efnaminni foreldra - Ný umsögn með viðbót um fjárhagslegum upplýsingum - R18070033

Lagt er til að frístundaheimili fyrir börn foreldra sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytisins verði gjaldfrjáls.

Greinargerð:

Í þeim tilgangi að styðja enn betur við efnaminni fjölskyldur er lagt til að foreldrar sem eru undir fátæktarmörkum fái gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn sín. Efnahagsþrengingar foreldra hafa iðulega mikil og alvarleg áhrif á börnin í fjölskyldunni. Sumar fjölskyldur eru enn að glíma við fjárhagserfiðleika vegna afleiðinga hrunsins og sjá ekki fyrir sér að geta rétt úr kútnum næstu árin ef nokkurn tíman. Fólk sem er með tekjur að upphæð u.þ.b. 250.000 kr. á mánuði á þess engan kost að ná endum saman ef húsnæðiskostnaður er einnig innifalinn í þeirri upphæð. Skuldir og fjárhagsstaða foreldra mega ekki bitna á börnum. Það er skylda okkar sem samfélags að sjá til þess að börnum sé ekki mismunað á grundvelli fjárhagsstöðu foreldra þeirra. Börnum sem er mismunað vegna fjárhagsstöðu foreldra samræmist ekki 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um jafnræði – banni við mismunun af nokkru tagi án tillits til m.a. félagslegra aðstæðna. Börn fátækra foreldra sitja ekki við sama borð og börn efnameiri foreldra. Þau fá t.d. ekki sömu tækifæri til tómsunda. Með þessari tillögu er verið að freista þess að tryggja að börn efnaminni foreldra missi hvorki pláss á frístundaheimilum né verði svikin um tækifæri til að sækja frístundaheimili vegna bágra félags- og fjárhagslegra stöðu foreldra.

Svar:

Í gildi eru verklagsreglur milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs sem samþykktar voru á fundi borgarstjórnar 17. desember 2013.

Hlutverk verklagsreglnanna er að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri þjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra.

Skv. verklaginu getur foreldri í skuldavanda við skóla- og frístundasvið fengið þriggja mánaða skjól fyrir vanskilum með því að panta viðtal hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð síns hverfis og óska eftir að staðfesting tímabókunar sé send innheimtustjóra SFS. Þegar staðfesting þjónustumiðstöðvar á tímabókun berst virkjar Innheimtustjóri skjól verklagsins en við það falla vanskilamerkingar út, uppsagnir afturkallast og heimilt er að veita börnum skuldara þjónustu, þ.e. innrita börn í frístund eða leikskóla.

Í viðtali hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð skilar skuldari nákvæmum upplýsingum um tekjur, eignir og útgjöld. Kannað er til þrautar innan þjónustumiðstöðvar hvort skuldari eigi rétt á aðstoð skv.

viðmiðum velferðarsviðs.

Eigi viðkomandi ekki rétt á aðstoð þjónustumiðstöðvar þá er greiðslugeta skuldara metin, en við mat á greiðslugetu er framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara til viðmiðunar auk þess sem tekið er tillit til annarra fastra mánaðarlegra útgjalda svo sem húsaleigu, hita, rafmagns, trygginga, fasteignagjalda, leik og frístundagjalda o.fl. skv. greiðsluseðlum.

Ef, að loknu faglegu mati á félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum, félagsráðgjafi metur að skuldari hafi greiðslugetu til að greiða skuld ásamt áfallandi greiðslum er vinnsla máls lokið og skuldara bent á að gera samkomulag um vanskilin hjá Momentum og er við það tekið tillit til greiðslugetu og heimilað að gera samkomulag sem fellur að greiðslugetunni, þ.e. alla jafna til lengri tíma en 6 mánaða.

Ef faglegt mat félagsráðgjafa leiðir í ljós neikvæða greiðslugetu þá sendir félagsráðgjafi greinargerð til innheimtustjóra þar sem mælt er með afskrift vanskila. Innheimtustjóri tekur saman allar upplýsingar um heildarskuld viðkomandi við skóla- og frístundavið ásamt greinargerð félagsráðgjafa, leggur fyrir sviðsstjóra til samþykktar og málið að því loknu lagt fyrir afskriftarnefnd sem fundar tvisvar á ári.

Gert er ráð fyrir að skuldari, með börn í þjónustu, greiði öll áfallandi gjöld meðan unnið er í málinu enda verklaginu ætlað að taka á þeim vanskilum sem þegar eru til staðar þegar vinnsla hefst.


Niðurstaða

Skóla- og frístundasvið hefur ekki aðgang að upplýsingum um tekjur eða framfærslu forráðamanna þeirra barna sem sækja frístundaheimili. Sé vilji til þess að frístundaheimili fyrir börn foreldra sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytisins verði gjaldfrjáls, þarf að koma til samþykki borgarráðs. Viðmið velferðarsviðs borgarinnar er framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara eins og fyrr segir.

Viðbót:

Fjárhagslegar upplýsingar:

Skv. tölum frá Hagstofu Íslands eru 5% launafólks (einstaklingar/hjón) með laun 350.000 kr. eða lægri. (sjá meðf.töflu) þá eru 10



Ef 5% barna sem nú dvelja í frístundaheimili fengju frí vistunargjöld þá væri hér um að ræða 5% af

726.636.677kr. – eða 36.331.800kr. (sjá fskj. 1) Ef reikna má með fjölgun barna vegna gjaldfrelsis þá hækkar upphæðin um 3,6millj. fyrir hver 10% sem börnum fjölga. Nú þegar nýtur hluti þessara barna gjaldfrelsis skv. 16gr. Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri (sjá fskj. 2)

Fylgiskjal:

1. Helstu stærðir, fjöldi barna í frístundaheimili og fjöldi barna á frístundaheimilisaldri. Fjöldi
2. Reglur um fjárhagsaðstoð. Greidd fjárhagsaðstoð 2017 skv. 16.gr.

Fylgiskjal 1. – Gjöld og gjaldskrá á frístundaheimili, fjöldi barna og nýting.

Tölur eru Apríl tölur 2018		Fjöldi barna í árgangi	Hlutfall
1 bekkur	1.300	1.380	94%
2 bekkur	1.363	1.530	89%
3 bekkur	991	1.540	64%
4 bekkur	331	1.461	23%
Samtals	3.985	5.911	67%
Gjaldskrá vetrarstarf 2018			
Þjónusta	Mánaðaverð	Síðdegishressing	Samtals
5 daga vistun	13.413	3.872	17.285
4 daga vistun	10.937	3.101	14.038
3 daga vistun	8.442	2.321	10.763
2 daga vistun	5.956	1.561	7.517
1 daga vistun	3.461	791	4.252
Lengd viðvera	2.013		
Tekjur áætlun 2018			
Vistunargjöld			-504.232.827
Vistunargjöld	I021	Lengd viðvera	-31.557.418
Vistunargjöld	I317	Heilsársfrístund	-47.993.682
Vistunargjöld	I751	Síðdegishressing	-142.852.750
Samtals			-726.636.677

Fskj. 2 - 16. gr. Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum.

Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili,

sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 14.042 kr. á mánuði. 1)

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Jafnframt er heimilt að veita sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða 14.042 kr. fyrir hvert barn í hvort skipti. 1) Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna. 1) Breyting tók gildi 1. janúar 2013, 1. janúar 2014, 1. janúar 2015.

Á árinu 2017 fengu 466 foreldrar, 777 barna fjárhagsaðstoð til framfærslu.


Árið 2017 voru heimildagreiðslur skv. 16 gr. A. 32.277.147 kr. . En einnig má sjá skiptingu eftir þjónustumiðstöðvum. Ekki er haldið sérstaklega utan um hvern þátt fyrir sig sem mynda heildargreiðslur skv. grein 16. a.

Afskriftir frístundakrafna vegna 2017 skv. framangreindu „skuldaraverklagi“ nam samtals 541.665.-

Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Ár, Fjöldi og Þjónustumiðstöð

	Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir	Breiðholt	Árbær og Grafarholt	Grafarvogur og Kjalarnes	Samtals
2017 Fjöldi notenda	96	91	140		74	65 466
Fjöldi barna	150	143	239		140	105 777

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs